

Sjálfbærniverkefni

Símafundur stýrihóps 7.3.2016 kl. 15:00

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Geir Sigurpáll Hlöðversson (Alcoa Fjarðaál), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Marinó Stefánsson (Fjarðabyggð), Sigrún Víglundsóttir (Austurbrú)

Fríða B. Eðvarðsdóttir (Landvernd) og Freyr Ævarsson (Fljótisdalshérað) boðuðu forföll

Á dagskrá fundar var ársfundur verkefnisins

Umræður

- Samþykkt að skoða hvort hægt sé að fá á ársfund stutta kynningu á verkefninu Áfangastaðurinn Austurland, sem unnið er að frumkvæði Ferðamálasamtaka Austurlands og stýrt af Maríu Hjálmarsdóttur hjá Austurbrú og Daniel Byström hjá Design nation. SV/GÁJ kanna hvort hægt er að fá kynningu á verkefninu inn á fundinn.
- Samþykkt að fá fulltrúa Landsvirkjunar til að segja frá Sjálfbærniverkefni á Norðurlandi.
- Ákveðið að fá einn fulltrúa frá hvoru fyrirtæki Landsvirkjun og Alcoa Fjarðaál til að stýra hópastarfi. GSH og ÁÓ tilnefna hvor sinn fulltrúa sem vinna svo saman að útfærslu hópastarfs. Spurningar til hópa verða þróaðar í samráði við fulltrúana.
- ÁÓ tekur saman yfirlit yfir stöðu verkefnis og sýn stýrihóps í samráði við aðra fulltrúa stýrihóps og starfsmenn verkefnisins.
- Landsvirkjun hélt opinn fund í Valaskjálfi í síðustu viku og var honum streymt með góðum árangri. Stefnt er að því að streyma ársfundinum og telst tæknihlíðin á því leyst.

Fundi slitið kl. 15:25